

Mánudaginn 19. desembermánaðar.

Nr. 44/1892:

Rjettvísinn

gegn

Andrjesi Guðmundi Jóhannessyni
og Þórunni Guðmundsdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað gegn hinum ákærða, áður bónda í Árgerði í Eyjafirði, Andrjesi Guðmundi Jóhannessyni, fyrir blóðskömm og nauðgun, og gegn meðákærðu dóttur hans, Þórunni Guðmundsdóttur, fyrir sífjaspell, og var það dæmt í aukarjetti Eyjafjarðarsýslu 31. ágústm. þ. á. af hlutadeigandi sýslumanni ásamt tilkvöddum meðdómsmönnum, þannig, að hinn ákærði skyldi samkvæmt 169. gr. 1. lið og 162. gr. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga sæta typtunarhússvinnu í 9 ár og borga allan af málinu leiðandi kostnað, en meðákærða skyldi sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða Andrjesar Guðm. Jóhannessonar, og af hálfu rjettvísinnar, að því er bæði hin ákærðu snertir, áfrýjað til yfirdómsins.

Málsatvik eru þau, að 20. maí þ. á. ól hin ákærða Þórunn Guðmundsdóttir, ógipt vinnustúlka í Saurbæ í Eyjafirði, sem er fædd 1. sept. 1872, mey barn, og lýsti hún föður að barninu hinn ákærða, sem er faðir hennar og þá var vinnumaður á Úlfá í Eyjafirði, fæddur 25. marz 1845. Í rannsókn þeirri, er hafin var út af þessu, hefur hin ákærða stöðugt borið það, að barn þetta sje svo undir komið, að faðir hennar hafi kvöld eitt í 17. viku sumars f. á. tekið hana með valdi úti við stekkjarkólana í Árgerði, þar sem hún var að reka

fje saman, og haft samræði við hana nauðuga, og hefði hún þó veitt honum alla þá mótstöðu, sem hún gat. Þetta var eptir skýrslu ákærðu eina skiptið, sem þau feðgin höfðu nokkur slík afskipti hvort af öðru, og hún hefur aldrei áður verið við karlmann kennd, eða haft neitt óorð á sjer í þá átt. Hinn ákærði kannaðist þegar í stað við, að hann væri faðir að umgetnu barni dóttur sinnar, en hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi þrisvar haft holdlegt samræði við hana; fyrsta sinn hafi það verið í 7. viku sumars í fyrra, úti við stekkin í Árgerði, og hafi hann þá tekið dóttur sína þar með valdi, eins og hún hefur skýrt frá, að hafi átt sjer stað í 17. viku sumars. Í annað sinn hafi hann haft samræði við hana í 17. viku sumars s. á., um nótt í rúmi þeirra í baðstofunni í Árgerði, þar sem hann þá var búandi með konu sinni, en hann og ákærða dóttir hans sváfu tilfætis í sama rúmi ásamt 2 börnum ákærða öðrum, og fór ákærði um nóttina yfir í rúmendann til ákærðu og hafði samræði við hana, reyndar ekki með hennar fúsa vilja, en án nokkurrar verulegrar mótspyrnu frá hennar hálfu, sem ekki þurfti annað en að hljóða til að vekja fólk, sem svaf í sömu baðstofunni. Í þriðja skiptið, seinna um haustið, kveðst ákærði hafa nauðgað dóttur sinni frammi í búi í bænum á Árgerði, og hafi hún þá veitt alla þá mótspyrnu, sem hún gat, til að hindra hann frá að fá vilja sínum framgengt.

Hin ákærðu hafa hvort um sig haldið sínum framburði föstum, og hefur rannsóknardómaranum eigi tekið að koma frekari samkvæmni á í skýrslum þeirra. Og með því að eigi eru nein líkindi til að ýtarlegri rannsókn mundi bera nokkurn árangur, verður að leggja skýrslur hinna ákærðu, hvors þeirra um sig, til grund-

vallar fyrir dóminum sem eigin játningu þeirra, sbr. N. L. 1—15—1.

Samkvæmt þessu verður að fallast á, að undirdóm-
arinn hefur dæmt hina ákærðu sýkna í málinu, en
heimfært brot ákærða undir 169. gr. 1 og 162. gr. sbr.
63. gr. almennra hegningarlaga, en hegninguna þykir
mega ákveða 10 ára typtunarhússvinnu. Að öðru leyti
ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Hinum ákærða ber
og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað,
þar með talin málflytningu- og svara-
manns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og
málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Andrjes Guðmundur Jóhannesson sæti
10 ára typtunarhússvinnu og greiði allan af máli
þessu svo og af varðhaldi sínu leiðandi kostnað,
þar með talin málsvarnarlaun í hjerði til Björns
amtsskrifara Árnasonar, 6 krónur, og málflytningu-
laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, mála-
flytningu- og svara-
manns Páls Einarssonar og cand. jur.
Hannesar Thorsteinsson, 10 kr. til hvors þeirra.

Hin ákærða Þórunn Guðmundsdóttir á að vera
sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.